

Nd.

173. Frumvarp

til laga um Útvegsbanka Íslands h/f.

Flutningsm.: Jón Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn félagsins er „Útvegsbanki Íslands h/f“. Í lögum þessum kallað Útvegsbankinn.

2. gr.

Heimili Útvegsbankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar má setja afgreiðsluskrifstofur í Reykjavík eftir þörfum, og útibú má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

3. gr.

Hlutverk Útvegsbankans er að reka bankastarfsemi til styrktar sjávarútvegi, siglingum, verzlun og iðnaði landsmanna.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allt það fé, sem Útvegsbankinn eða útibú hans taka við til ávöxtunar með sparisjóðskjörum.

II. KAFLI.

Um hlutafé Útvegsbankans.

5. gr.

Hlutafé Útvegsbankans er 7 millj. og 500000 kr. Það er allt greitt og er allt jafnrétt hátt.

Fulltrúaráðið getur, með samþykki fjármálaráðherra, ákveðið að auka hlutaféð um allt að 1 millj. kr. Til frekari aukningar hlutafjárins þarf ákvörðun hluthafafundar og samþykki fjármálaráðherra. Hlutafjárouka skal afla með al-

mennu útboði innanlands. Skulu þeir, sem þá eiga hluti í Útvegsbankanum, hafa næstu 3 mánuði eftir auglýsingu útboðsins forgangsrétt til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum með ákvæðisverði. Að öðru leyti fer um hlutafjárukningu þessa eftir fyrirmælum hlutafélagslaganna, eftir því, sem við getur átt.

6. gr.

Hlutabréf hljóða á handhafa, en skrá má þau á nafn í bókum Útvegsbankans, ef handhafi óskar þess.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 25, 50, 100, 200, 1000, 5000 og 50000. Hefir hver flokkur sitt merki (A, B, C o. s. frv.) og þrjú í hverjum flokki hafa framhaldandi tölumerki.

7. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf, og skal þar tilgreina:

1. Útgáfudag hvers hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokks þess og tölu.
3. Eigendaskipti að bréfi, ef þau hafa verið tilkynnt.
4. Ef hlutabréf hefir verið ónýtt með dómi eða með öðrum hætti.

8. gr.

Útvegsbankinn má ekki veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín og ekki má hann eiga þau, nema fjármálaráðherra leyfi, og aldrei meira en 10% alls hlutafjárins.

9. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur fulltrúaráðið þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða til handhafa, er hann hefir fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali.

Fulltrúaráði skal heimilt að gefa út til aðilja nýtt hlutabréf eða arðmiða, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef fulltrúaráðið telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatazt, enda nemi nafnverð bréfsins eða upphæð arðmiðans ekki yfir 200 kr.

Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villzt um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur fulltrúaráðið gefið aðilja, á hans kostnað, nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

10. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Útvegsbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna, sbr. þó 4. gr.

III. KAFLI.

Um starfsemi Útvegsbankans.

11. gr.

Útvegsbankinn rekur alla venjulega bankastarfsemi, svo sem:

1. Kaup og sölu vixla, tékka og annara ávísana.

2. Kaup og sölu erlends gjaldmiðils.
3. Lánveitingar gegn ábyrgð bæjar-, sveitar- og sýslufélaga, gegn sjálfskuldarábyrgð, handveði, veði í fasteign eða skipum og hverju öðru veði, sem veita má að lögum.
4. Innheimtur, erlendar sem innlendar.
5. Ávöxtun fjár á hlaupareikningi, gegn innlánskirtenei og með sparisjóðskjörum.
6. Geymsla verðmætra muna fyrir endurgjald.

12. gr.

Útvegsbankinn hefir sparisjóðsréttindi. En eiga skal hann að minnsta kosti sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem rikisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

13. gr.

Samkv. heimild í 16. gr. laga nr. 46, 19. maí 1930, og samningi milli Útvegsbankans og atvinnumálaráðherra er Fiskiveiðasjóður sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og sérstöku bókhaldi. Skal bankinn hafa á hendi stjórn sjóðsins og starfrækslu, en ber ekki ábyrgð á töpum, er hann kynni að verða fyrir.

Fiskiveiðasjóður tekur þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði með Útvegsbankanum eftir samkomulagi milli bankastjórnar og atvinnumálaráðherra.

IV. KAFLI.

Stjórn Útvegsbankans.

14. gr.

Með stjórn Útvegsbankans fara:

- A. Hluthafafundur.
- B. Fulltrúaráð.
- C. Framkvæmdarstjórn.

A. UM HLUTHAFAFUNDI.

15. gr.

Hluthafafundur fara með málefni Útvegsbankans samkvæmt þeim fyrir-mælum, er hér fara á eftir.

16. gr.

Aðalfundur hluthafa skal halda í júnimánuði ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er sé birt í Lögbirtingablaði og með að minnsta kosti 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu fundarboðs. Svo má og birta fundarboð í öðrum

blöðum samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðs. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða fulltrúaráðs, enda skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef fulltrúaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Fulltrúaráðið boðar til funda og undirbýr þá, ásamt framkvæmdarstjórn, að öðru leyti.

17. gr.

Á hluthafafundi fylgir 1 atkvæði hverjum 25 krónum i hlutafé, hver sem hlutafjäreign hvers aðilja er. Rétt er hluthafa að fela öðrum umboð til að fara með atkvæði sin á hluthafafundum.

18. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundarins, og má þar greiða atkvæði um þau ein mál, sem fundarboð greinir, og breytingartillögur við þau.

19. gr.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvisi sé mælt í lögum þessum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með sér og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri eða tveir listar eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir Útvegsbankann, skal hlutkesti ráða.

20. gr.

Hluthafafundur kys sér fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, er fundarhald varða. Þá er fundargerðir hafa verið lesnar upp og samþykktar, skal fundarstjóri og formaður fulltrúaráðs, ásamt ritara, undirrita þær.

21. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál og þeim lúka þar:

1. Skýrslu fulltrúaráðs um starfsemi Útvegsbankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga hans fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til framkvæmdarstjórnar fyrir reikningsskil.
4. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð, sbr. 23. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Önnur mál, sem á dagskrá standa.

22. gr.

Hluthafafundur getur sett nánari reglur um fundi hluthafa Útvegsbankans. Ennfremur setur hluthafafundur reglugerð um nánari stjórn bankans og starfrækslu, eftir því, sem þörf gerist og að fengnum tillögum fulltrúaráðs og framkvæmdarstjórnar. Fjármálaráðherra staðfestir reglugerðir þesar.

B. FULLTRÚARÁÐIÐ.

23. gr.

Fulltrúaráðið er skipað 5 fulltrúum, kosnum hlutfallskosningum. Skulu fulltrúar vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi fulltrúaráðs hvenær sem er. Fulltrúar skulu vera lögráða

menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð, en ekki þurfa þeir að vera hluthafar.

24. gr.

Kjörtími fulltrúa er 4 ár. Ganga fulltrúar úr ráðinu 3 og 2 á vixl á hverjum tveggja ára fresti. Á aðalfundi árið 1932 ganga úr ráðinu þeir 3 fulltrúar, er kosnir voru á fyrsta aðalfundi síðast á hverjum lista eftir rétttri hlutfallstölu. Fulltrúa má endurkjósa.

Nú verður autt sæti í fulltrúaráði milli aðalfunda hluthafa, og kýs þá fulltrúaráðið fulltrúa í staðinn til næsta aðalfundar, er kýs nýjan fulltrúa, og gegnir hann starfanum út kjörtíma þess, sem hann kemur í staðinn fyrir.

25. gr.

Fulltrúaráðið kýs sér formann og varaformann úr sinum hópi, og fer um kjörtíma þeirra samkvæmt 24. gr. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kallar saman fundi fulltrúaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda 1. og 15. dag hvers mánaðar, eða næsta virkan dag á eftir, ef þessa daga ber á helgidag. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti fulltrúaráðs eða framkvæmdarstjórn telur þess þörf.

Fundi fulltrúaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir lögmatir, ef 3 fulltrúar eru á fundi. Ekki verður ályktun gerð, nema 3 fulltrúar hið fæsta greiði atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum eða öðrum lögmatum fyrirmælum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður þó atkvæði formanns úrslitum. Fulltrúi, er ekki getur sjálfur sótt fund, getur falið öðrum fulltrúa, sem fundinn sækir, að fara með atkvæði sitt, eða sent fundinum það skriflega.

Launakjör fulltrúaráðs skulu ákveðin í reglugerð.

26. gr.

Fulltrúaráðið hefir æðstu forstöðu Útvegsbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í lögum þessum. Því ber þess vegna:

1. Að ákveða tölu framkvæmdarstjóra (bankastjóra), laun þeirra, verkaskiptingu og ráðningarkjör að öðru leyti, setja þeim erindisbréf, ráða þá og veita þeim lausn frá starfanum.
2. Að koma fram fyrir hönd Útvegsbankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnarvöldum og þriðja manni.
3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu hans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
4. Að ákveða, með samþykki framkvæmdarstjórnar, hvar bankinn skuli hafa útibú, hversu útibú skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn, allt að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki starfa sinn óaðfinnanlega.
6. Að skipa bókara og féhirði Útvegsbankans og setja þeim starfsreglur, svo og

- að veita þeim lausn frá starfanum og að ákveða tryggingu þá, er féhirðir skuli setja, allt að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
7. Að setja reglur um laun starfsmanna Útvegsbankans.
 8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli framkvæmdarstjóra og starfsmanna bankans.
 9. Að taka ákvarðanir um afskrifun skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunauta, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
 10. Að setja reglur, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra, um það, hvernig þeir megi binda Útvegsbankann með undirskrift sinni, hvort og hvernig aðrir starfsmenn hans megi binda hann ásamt framkvæmdarstjóra með undirskrift sinni, svo og að kveða á um það, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
 11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða framkvæmdarstjórnar lögð, og þeim málum, sem hluthafafundur eða framkvæmdarstjórn skjóta til fulltrúaráðsins.

27. gr.

Fulltrúaráðið og hver einstakur fulltrúi hefir aðgang að öllum bókum Útvegsbankans og skjölum.

28. gr.

Allt það, sem fulltrúaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna fulltrúanna. Útvegsbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem fulltrúaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. FRAMKVÆMDARSTJÓRNIN.

29. gr.

Framkvæmdarstjórnin hefir á hendi daglega stjórn Útvegsbankans samkvæmt reglum þeim, sem henni eru eða verða settar samkvæmt lögum þessum.

Framkvæmdarstjórar mega ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskýlt að gegna, ekki reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Þeir mega ekki heldur vera skuldskeyttir Útvegsbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautar eða ábyrgðarmenn, né heldur hafa milligöngu fyrir aðra um lántöku í bankanum eða útibúum hans.

Framkvæmdarstjórn ræður alla starfsmenn Útvegsbankans, ákveður starfskjör þeirra og veitir þeim lausn, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum eða öðrum lögfullum ákvörðunum.

30. gr.

Fulltrúaráðið, endurskoðendur, framkvæmdarstjórn og allir aðrir starfsmenn Útvegsbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans.

V. KAFLI.

Sérréttindi Útvegsbankans.

31. gr.

Heimilt er Útvegsbankanum að hafa í umferð seðla, er nemi allt að 4 millj. kr., en draga skal hann úr umferð frá 1. jan. 1934 að telja árlega jafna upphæð seðla þessara og hafa að fullu lokið inndrættinum 31. des. 1941. Nánari reglur um inndrátt seðlanna getur fjármálaráðherra sett, að fengnum tillögum fulltrúaráðs. Fjármálaráðherra ákveður með sama hætti, hvort nota skuli seðla hins fyrrverandi Íslandsbanka eða hvort gera skuli nýja seðla, enda ákveður hann þá í samráði við fulltrúaráðið gerð og tilhögun seðlanna. Seðlar samkvæmt þessari grein skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og aðra opinbera sjóði og löglegur gjaldeyrir manna á milli.

Eftirmyndun og fölsun seðlanna varða refsingu þeirri, er í 266. gr. almennra hegningarlaga getur. Brotin eru fullkomnuð jafnskjótt sem seðill hefir verið falsaður eða eftirgerður, þótt hann hafi ekki verið settur í umferð.

32. gr.

Útvegsbankanum er skylt, þegar Alþingi kveður svo á, að greiða seðlana handhafa með löglegri, gjaldgengri gullmynt, eftir ákvæðisverði þeirra, enda samsvari það heilli tölu gullmynta, en ella í gjaldgengri skiptimynt.

Til tryggingar seðlunum skal Útvegsbankinn eiga:

1. Gullforða, er nemi $\frac{3}{8}$ af ákvæðisverði þess seðlamagns, sem úti er hverju sinni.
2. Vissa og auðselda eign til tryggingar ógulltryggða hluta seðlanna, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 kr. í seðlum.

33. gr.

Til gullforða telst:

- a. Lögleg, gjaldgeng gullmynt.
- b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minnst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
- c. Skuldlaus innstæða í erlendum bönkum, sem greidd verður, þegar krafizt er og fulltrúaráðið telur fulltryggða, þó ekki yfir $\frac{1}{4}$ gullforðans. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá síðastnefnda ákvæðinu, þar til Alþingi hefir gert ákvörðun þá, er í upphafi 1. málsgr. 33. gr. segir.

Gullforðinn samkvæmt a. og b. skal ávallt vera fyrir hendi í bankanum. Þó má til gullforða telja gull það, sem sannað er að sé á leið hingað frá útlöndum, þó ekki meira en 200000 kr. í einu.

34. gr.

Til eigna þeirra, er tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, skal teljast:

1. Auðseld, opinber verðbréf, eftir gangverði.
2. Önnur verðbréf, sem skráð eru á kauphöllum, að hlutabréfum undanteknum.
3. Vixlar, hvort sem þá skal greiða innanlands eða erlendis.
4. Skuldlaus innieign í erlendum bönkum, er krefja má innan 6 mánaða.
5. Skuldabréf, sem gefin eru út fyrir lánum gegn handveði í samskonar verðbréfum sem í 1. og 2. tölul. segir.

35. gr.

Útvegsbankanum skal skylt að gefa fjármálaráðherra á hverjum mánaðarfresti skýrslu um þá seðlafúlgu, sem í umferð var 1. dag hvers mánaðar, og um tryggingu fyrir henni, enda skal birta skýrslur þessar jafnóðum í Lögbirtingablaði.

Ef það kemur í ljós, að fyrirmæli laga þessara um seðla eða seðlatryggingu hafa verið brotin, ber fulltrúaráði og framkvæmdarstjórn að koma málinu í löglegt horf innan þess tíma, er fjármálaráðherra ákveður.

36. gr.

Útvegsbankanum er skylt að selja Landsbanka Íslands með nafnverði það af gullforða sinum, er ekki þarf til tryggingar seðlum hans, og má því ekki láta af hendi neitt af forða þessum né binda hann, svo að í bága komi við kauprétt Landsbankans, nema hann hafi afsalað sér kauprétti eða leyft ráðstöfunina.

37. gr.

Um skyldu Landsbanka Íslands til þess að endurkaupa viðskiptavíxla Útvegsbankans fer með þeim hætti, er segir í 69. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um skyldu Landsbankans til endurkaupa á viðskiptavíxlum Íslandsbanka, enda skal svo með fara sem Útvegsbankinn hefði til verið 31. okt. 1922 og seðlavelta hans þá 8 milljónir króna.

38. gr.

Nú glatast viðtökuskirteini, er Útvegsbankinn hefir gefið út fyrir handveði, geymslufé eða innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsfé, innláni eða öðrum innlögum, og getur framkvæmdarstjórnin þá stefnt til sin handhafa skirteinis viðskiptabókar eða skirteinis með 6 mánaða fyrirvara, enda sé stefnan birt þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Ef enginn hefir gefið sig fram áður en frestur er liðinn, má greiða þeim, er lýst hefir skirteini eða viðskiptabók týnda eða glataða, upphæðina, án þess að aðrir, er kynnu að hafa fengið rétt yfir bók eða skirteini eða til þeirra, geti þess vegna búið kröfu á hendur bankanum.

39. gr.

Rétt er að leggja fé ólögráða manna og almenningsstofnana á vöxtu í Útvegsbankanum og útibúum hans.

40. gr.

Fé það, sem lagt hefir verið í Útvegsbankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu og lögbanni, meðan það stendur þar

41. gr.

Rétt er Útvegsbankanum að áskilja sér hærri vöxtu en 6 af hundraði á ári af útlánum tryggðum með fasteignarveði.

42. gr.

Nú er óskað láns gegn veði í fasteign eða skipi, og skal þá gefa vottorð um fasteignina eða skipið endurgjaldslaust úr afsals- og veðmálabókum, ef framkvæmdarstjórn Útvegsbankans krefst þess, enda sé vottorðið ætlað honum einum til afnota.

43. gr.

Útvegsbankinn getur samið svo við þá skuldunauta sína, er veita honum veð í fasteign eða skrásettu skipi, að veðið megi selja á nauðungaruppboði án undangenginnar sáttar, dóms eða aðfarar, að undangenginni tilkynningu til veðsala með 3 vikna fyrirvara á heimili hans, ef það er hér á landi og veðhafa kunnugt, eða annarskostar tilkynningu með sama fyrirvara í Lögbirtingablaði, og sé uppboð síðan auglýst og haldið lögum samkvæmt.

44. gr.

Ekki missir Útvegsbankinn kröfu sína, þótt veð glatist fyrir óhapp.

45. gr.

Útvegsbankinn hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja handveð sín á uppboði á hverjum þeim stað, er henta þykir, en gera skal hann veðsala viðvart í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, heimilisfastur erlendis eða ókunnugt um heimilisfang hans, og skal þá stefna honum með auglýsingu, birtri með 14 daga fyrirvara í Lögbirtingablaði, til þess að leysa veðið.

46. gr.

Útvegsbankinn er undanþeginn öllum persónulegum opinberum sköttum og skyldum til rikissjóðs, sveitar-, bæjar- og sýslufélaga og annara opinberra sjóða eða stofnana. Gjöld, er hvila á sérstökum eignum, greiðir bankinn ekki heldur af eign, er hann notar sérstaklega til rekstrar starfsemi sinnar.

Bækur Útvegsbankans, ávisanir, hlutabréf, arðmiðar og aðrar skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, og framsöl þeirra eru undanþegin stimpilgjaldi.

VI. KAFLI.

Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

47. gr.

Starfsár Útvegsbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir marzmanaðarlok, og sé hann jafnskjótt sendur endurskoðendum, en yfirlit yfir hag Útvegsbankans skal gera mánaðarlega og birta í Lögbirtingablaði.

48. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Útvegsbankans að öðru leyti, enda má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þeir skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, enda er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum.

Fyrir aprilmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Útvegsbankans, og ber þeim þá þegar að senda hann framkvæmdarstjórn, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hluthafa skal framkvæmdarstjórnin hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Hluthafafundur getur sett nánari reglur um starf endurskoðenda og laun, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

49. gr.

Áður en ársreikningur sé gerður, skal stjórn Útvegsbankans gera sér grein fyrir því eftir föngum, hversu mikið ætla megi, að tapist af skuldum, sem þó þykir ekki ástæða til að afskrifa þá þegar. Skal hún gera tillögur til aðalfundar um það, hversu háa upphæð leggja skuli til hliðar fyrir þessum væntanlegu töpum, og dregst sú upphæð frá tekjuafgangi ársins.

50. gr.

Ágóða samkvæmt ársreikningi, að frádrögnum því, sem gengur til afskrifta á eignum Útvegsbankans, og því, sem lagt er til hliðar fyrir væntanlegum töpum, skal varið svo sem hér segir:

1. Ef hreinagóði nemur 4% af hlutafé eða minna, rennur hann óskiptur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 50% af hlutafé, er þó ekki skylt að leggja í hann meira en 2% af hlutafénu.
2. Hreinagóða fram yfir 4% af hlutafé og upp í 8% skal úthluta til hluthafa, í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra, enda standi hundradshluti sá, sem út er hlutað, jafnan á heilum eða hálfum.
3. Hreinagóða, sem verða kynni fram yfir 8% af hlutafé, ráðstafar aðalfundur, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

51. gr.

Ef ársagóði hrekkur ekki fyrir töpuðum skuldum eða til afskrifta á öðrum eignum Útvegsbankans, skal það, sem á vantar, tekið af varasjóði.

VII. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

52. gr.

Tillögu um félagsslit má bera upp á hluthafafundi. En ekki verður hún löglega samþykkt, nema á fundi séu greidd atkvæði fyrir að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutafjárins, enda verði $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða með tillögunni. Nú hafa ekki kom-

ið fram á fundi atkvæði fyrir $\frac{2}{3}$ hlutafjárins, en $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða hafa verið með tillögunni, og skal þá nýjan fund halda innan mánaðar, enda skal boða hann á venjulegan hátt og þess getið í fundarboði, að boðað sé til fundarins af því, að ekki hafi fram komið nægur atkvæðafjöldi á hinum fyrra fundi. Ef $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða verða nú með tillögunni, er hún löglega samþykkt, enda þótt eigi hafi verið greidd atkvæði fyrir $\frac{2}{3}$ hlutafjárins.

Fundur sá, sem samþykkir löglega félagsslit, kveður og á um ráðstöfun á eignum þess og skuldagreiðslu.

53. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs, enda gangi hluthafafundur að breytingum þeim, er þau fela í sér á samþykkt Útvegsbankans.

Frá sama tíma eru úr gildi fallin nög nr. 6 frá 31. maí 1921 og lög nr. 7 frá 4. maí 1922, að því leyti sem þau kunna enn að vera í gildi, og lög nr. 7 frá 11. marz 1930, 3.—9. gr. og 15. gr. 2. og 3. málsgr., svo og öll önnur ákvæði, er koma í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 7, 11. marz 1930, var Útvegsbanki Íslands h/f stofnaður, og þá sett aðalákvæðin um hann. Í I. kafla laga þessara var ákveðið heiti hans, heimili og varnarþing, verkefni hans, hlutafé, um viðtöku innlánsfjár og tryggingu fyrir því, fulltrúaráð hans og sérréttindi ýmiskonar, með tilvísun í viðeigandi greinar í lög nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, o. s. frv.

Enn voru þá ekki ráðin forlög Íslandsbanka, sem lokað hafði verið 1. febr. f. á. Því voru í fyrrnefndum lögum nr. 7 1930 II. kafla sett ýms fyrirmæli um hann. Þar var ákveðið, að rikissjóður legði Íslandsbanka til forgangshlutafé 3 millj. króna, gegn því, að bankanum safnaðist að minnsta kosti 1½ millj. kr. í forgangshlutafé innanlands, og að hagkvæmir samningar fengjust við aðallánardrottna hans (Hambro's Bank í London, Privatbanken í Kaupmannahöfn og rikissjóð Danmerkur). Þegar svo þessum skilyrðum væri fullnægt að dómi fjármálaráðherra, þá átti Íslandsbanki að renna inn í Útvegsbankann, er þá skyldi taka við „öllum eignum, skuldum og ábyrgðum“ Íslandsbanka og koma að þessu leyti í stað hans, enda skyldi þá forgangshlutaféð, er afla átti samkvæmt áður sögðu, bætast við hlutafé Útvegsbankans. Afskrifa skyldi sem tapað hlutafé Íslandsbanka, og seðla hans, sem í umferð voru, átti þá að draga inn.

Í IV. kafla laga nr. 7/1930 voru svo loks sett ýms ákvæði til vara um það, að ef skilyrðum þeim, sem sett voru í 12. gr. laganna um söfnun hlutafjár o. fl., yrði ekki fullnægt, þá skyldi Íslandsbanki tekinn til skiptameðferðar, og nokkrar reglur settar um væntanleg skipti á honum.

Nú hefir, sem kunnugt er, tekizt að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir því, að Útvegsbankinn tæki við eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka. Íslandsbanki hefir samkvæmt því verið lagður niður, og Útvegsbankinn hefir komið í stað hans með þeim hætti, sem í lögnum segir, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1930. Ákvæðin í IV. kafla laga þessara hafa því aldrei komið til

framkvæmdar. Um Útvegsbankann var svo sett samþykkt nr. 8, 5. apríl 1930, samkvæmt 8. gr. laga nr. 7/1930.

Lagafyrirmælin um Útvegsbankann eru heldur ófullkomin og nokkuð í molum. Hefir því þótt rétt að gera frumvarp að heildarlögum um hann, líkt og gert hefir verið um hina bankana: Landsbanka Íslands með lögum nr. 10, 15. apríl 1928, og Búnaðarbankann með lögum nr. 31, 14. júní 1929. Það virðist vel fallið, að löggjafarvaldið setji allar höfuðreglurnar um Útvegsbankann, eins og hina bankana, og veiti honum hlunnindi nokkur frekari en hann hefir eftir gildandi reglum, með því að rikissjóður er langstærsti hluthafi hans, þar sem rikissjóður hefir lagt fram 1½ millj. kr. hlutfé til Útvegsbankans, samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1930, og 3 millj. króna til Íslandsbanka, samkvæmt 11. gr. sömu laga, er líka hefir runnið til Útvegsbankans, samkvæmt 15. gr. sömu laga.

Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Hér eru tekin nokkur frumákvæði um Útvegsbankann. Um einstakar greinir athugast:

Um 1. gr.

Greinin er um heiti bankans og þarf eigi skýringar.

Um 2. gr.

Sbr. 3. gr. laga nr. 7/1930.

Um 3. gr.

Sbr. 1. gr. laga nr. 7/1930.

Um 4. gr.

Samkvæmt 3. málgr. 1. gr. laga nr. 10/1928 og 4. gr. laga nr. 31/1929 ber rikissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans og Búnaðarbankans. Nú er rikissjóður eigandi að meira en helmingi alls hlutfjár Útvegsbankans, og má því segja, að hann hafi allra aðilja mestra hagsmuna að gæta í Útvegsbankanum. Ríkissjóði ætti því að vera allra aðilja mest áhugamál, að Útvegsbankinn verði sem traustastur og afli sér sem allra mests trausts hjá alþjóð manna hér á landi. Til þess þarf bankinn að hafa sæmilegt veltufjármagn, en höfuðskilyrði þess er það, að almenningur fái honum sparifé til ávöxtunar. Meðan ríkið leggur hinum bönkunum til ábyrgð sína á þessu fé, þá er við því að búast, að menn láti þá sitja fyrir sparisjóðsinnlögum sínum, því að rikissjóður þykir bezti ábyrgðarmaðurinn fyrir innlögunum. Þar sem rikissjóður hefir slikra hagsmuna að gæta sem fyrr var sagt í Útvegsbankanum, virðist það ekki óeðlilegt, að hann styrki bankann með samskonar ábyrgð á sparisjóðsinnlögum einum sem hann hefir á öllum skuldbindingum hinna bankanna tveggja, enda mun sú hugsun vera nokkuð almenn, að rikissjóður mundi, sóma síns og hagsmuna vegna, aldrei láta sparisjóðsfjáreigendur í Útvegsbankanum missa fjár síns, þótt bankinn yrði þess ekki megnugur að standa þeim skil á því, sem að vísu er vonandi, að aldrei verði. Af framangreindum ástæðum er þess farið á leit, að sett verði í lög, að rikissjóður beri ábyrgð á sparisjóðsfé hans.

Um II. kafla.

Hér segir um hlutafé Útvegsbankans.

Um 5. gr

Nú er allt hlutafé Útvegsbankans jafnréttthátt, því að það hlutafé, sem vera átti forgangshlutafé í Íslandsbanka samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 7/1930, átti allt að verða jafnréttthátt hlutafé Útvegsbankans, þá er hann hafði tekið við hlutafé og eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka, samkvæmt 1. málgr. 15. gr. sömu laga. Sbr. og 1.—3. málgr. 4. gr. samþykktar Útvegsbankans, nr. 8, 5. apríl 1930. Fyrirmælin um aukningu hlutafjárins eru í öllu verulegu sama efnis sem 4. málgr. sömu samþykktar.

Um 6. gr.

Er að efni til samhljóða 1. málgr. 5. gr. samþ. nr. 8, 5. apríl 1930.

Um 7. gr.

Er samhljóða 2. málgr. 5. gr. samþ. Útvegsbankans, nema 4. tölul., sem er settur með hliðsjón af 6. tölul. 23. gr. hlutafélagalaga nr. 77/1921 og 9. gr. frv. þessa.

Um 8. gr.

Hefir að geyma ofurlitla rýmkun frá ákvæðum 6. gr. samþykktar Útvegsbankans og er að öðru í samræmi við 28. gr. laga nr. 77/1921. Ástæðan fyrir því, að farið er fram á, að hið undantekningarlausu bann við því, að bankinn megi taka bréf sin að veði eða eignast þau, er sú, að óheppilegt getur verið að meina honum að taka veði í hlutabréfum sínum til þess að tryggja betur áður veitt lán, og að meina honum að eignast shkt bréf, er hann kynni að hafa fengið til tryggingar samkvæmt áðursögðu, ef ekki fengist viðunandi boð í það, þá er bankinn seldi það t. d. nauðungarsölu til lúkningar kröfu sinni.

Um 9. gr.

Er samkvæm 8. gr. samþ. Útvegsbankans.

Um 10. gr.

Það er sjálfsagt og í samræmi við gildandi lög, sjá 1. málgr. laga nr. 77/1921, sbr. a-hð 31. gr. sömu laga, og þessu verður ekki breytt, svo að það skuldbindi einstaka hluthafa, nema þeir samþykki það sérstaklega. Varnagli er aðeins sleginn um sparisjóðsféð og ríkissjóð, ef ákvæði 4. gr. frv. verður að lögum.

Um III. kafla.

Hér koma aðalfyrirmælin um starfssvið bankans. Nánari fyrirmæli um þetta efni eiga heima í reglugerð hans, sbr. 22. gr. frv.

Um 11. gr.

Hér eru höfð til hliðsjónar ákvæði 14. og 28. gr. laga nr. 10/1928 og laga nr. 7/1930. Annars virðist ekki þurfa að skýra grein þessa.

Um 12. gr.

Svarar að efni til 5. gr. laga nr. 7/1930.

Um 13. gr.

Höfuðefni þessarar greinar er í samræmi við 10. gr. laga nr. 7/1930 og 16. gr. laga nr. 46 19. maí 1930, um Fiskiveiðasjóð Íslands. Í samningi milli Útvegsbankans og atvinnumálaráðherra eru sett nánari fyrirbælingu um afhendingu Fiskiveiðasjóðs og stjórn hans, og eru þau samningsákvæði að sjálfsögðu í fullu samræmi við fyrirbælingu löggjafarvaldsins um það mál.

Um IV. kafla.

Hér er safnað saman höfuðákvæðunum um stjórn Útvegsbankans. Það þykir fara betur á því, að greina fyrst um vald og störf hluthafafundar, því hann hefir æðra vald um stjórn bankans en fulltrúaráð og framkvæmdarstjórar. Síðan kemur fulltrúaráð og svo framkvæmdarstjórar bankans.

Um 14. og 15. gr.

Þessar greinar virðist ekki þurfa að skýra.

Um 16. gr.

Er að efni til samhljóða 19. og 20. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 17. gr.

Samkvæmt 33. gr. laga 77/1921 má enginn hluthafa fara með meira en $\frac{1}{5}$ atkvæða á hluthafafundi. Vegna ríkissjóðs, sem meira á en helming hlutfjár, gildir þetta ákvæði hlutafélagalaganna ekki hér, sjá 7. gr. laga nr. 7/1930 og 24. gr. samþykktar Útvegsbankans. Því er hér svo mælt, að hverjum 25 kr. fylgi eitt atkvæði, hversu mikið sem aðili á af hlutafénu.

Um 18. gr.

Er samhljóða 1. málgr. 21. gr. samþykktar Útvegsbankans. Það þykir ekki ástæða til að takmarka með lögum rétt hluthafa til að koma með tillögur á hluthafafundi, enda komi aðili með tillögu til fulltrúaráðs svo tímanlega, að það megi taka hana á dagskrá.

Um 19. gr.

Virðist hafa sjálfsögð ákvæði að geyma.

Um 20. gr.

Að efni til samhljóða 23. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 21. gr.

Samhljóða 22. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 22. gr.

Svo sem tíðkast í öðrum hlutafélögum, þykir eðlilegast, að hluthafar setji, ef þörf þykir, nánari reglur um hluthafafundi, svo og reglur um starfsemi bankans, enda staðfesti ráðherra þær reglur allar. Þar til þær verða settar, haldast ákvæði samþykktarinnar, að svo miklu leyti sem lög þessi eða reglugerð Útvegsbankans ná ekki til.

Um 23. gr.

Sbr. 11. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 24. gr.

Svarar til 12. gr. samþykktarinnar.

Um 25. gr.

Svarar til 13. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 26. gr.

Hér eru talin helztu störf fulltrúaráðs Útvegsbankans. Hefir verið höfð til hliðsjónar 14. gr. samþykktar Útvegsbankans, en hún segir þó fátt eitt um efnið. Þar á móti eru allrækileg fyrirmæli um starf bankaráðs Landsbankans í lögum nr. 10/1928, 37. og einkum í 43. gr. Hafa þær greinir aðallega verið hafðar til fyrirmyndar ákvæðum þessarar greinar. Þykir hentugt að hafa á einum stað nokkurnveginn itarleg fyrirmæli um störf fulltrúaráðsins.

Um 27. gr.

Er samkvæm 4. málgr. 14. gr. samþykktar Útvegsbankans, nema um þagnarskylduna er tekið almennt ákvæði í 30. gr. frv.

Um 28. gr.

Sbr. 3. málgr. 14. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 29. gr.

Er að efni til samhljóða 17. og 18. gr. samþykktar Útvegsbankans. Sbr. og 47. gr. laga nr. 10/1928.

Um 30. gr.

Svarar til 48. gr. laga nr. 10/1928.

Um V. kafla.

Hér er safnað höfuðákvæðunum um sérréttindi bankans. Um einstakar greinir athugast:

Um 31. gr.

Eins og kunnugt er, hafði Íslandsbanki í öndverðu einkarétt til seðlaútgáfu, að undantekinni þeirri seðlafúlgú, $\frac{3}{4}$ milljónar, sem Landsbankinn mátti

hafa í umferð. Stóð svo, þar til ákveðið var með lögum nr. 6, 31. maí 1921, að Íslandsbanki skyldi draga inn 1 milljón króna árlega af seðlum sínum, en mest mátti vera í umferð 8 millj. króna 31. okt. 1922. En svo fór, að frestað var með lögum frá ári til árs að framkvæma inndráttarskylduna. Sjá lög nr. 7, 4. maí 1922, nr. 32, 20. júní 1923, nr. 24, 4. júní 1924, nr. 10, 29. maí 1925, nr. 52, 15. júní 1926, nr. 32, 31. maí 1927, og nr. 70, 7. maí 1928. Árin 1929 og 1930 ein hafa þá inndráttarákvæðin gilt. Enn segir í 15. gr. laga nr. 10/1930, að seðla Íslandsbanka skuli draga inn, þá er Útvegsbankinn taki við eignum og skuldum Íslandsbanka. Útvegsbankanum er erfitt og óhagstætt að draga inn allt í einu alla þá seðla Íslandsbanka, sem í umferð eru, eins og til kann að vera ætlaðt í 15. gr. laga nr. 7/1930. Þar sem ekki þótti fært að heimta það af Íslandsbanka, að hann fullnægði inndráttarskyldu þeirri, sem á hann var lögð með lögum nr. 6/1921 og 4 milljónir seðla Íslandsbanka eru því enn í umferð, þá virðist sanngjarnt, að Útvegsbankanum verði veittur svipaður frestur til inndráttar seðlanna og veita átti Íslandsbanka á sínum tíma. Er nú farið fram á það, að bankanum verði leyft að leysa inn jafna seðlafúlgu á ári hverju frá 1. jan. 1934 að telja, svo að inndrætti verði lokið fyrir árslok 1941. Það er einsætt, að seðlunum fylgi, hvort sem seðlar Íslandsbanka verða notaðir eða nýir gerðir, sömu réttindi um gjaldgengi og vernd við fölsun og eftirmyndun sem seðlum Íslandsbanka fylgdi og seðlum Landsbankans fylgir nú, sbr. lög nr. 66, 10. nóv. 1905, 8. og 10. gr., og lög nr. 10/1928, 6. gr.

Um 32.—34. gr.

Fyrirmæli þessara greina um seðlatrygginguna eru algerlega sniðin eftir ákvæðum 7.—11. gr. laga nr. 10/1928, um seðlatryggingu Landsbankans.

Um 35. gr.

Svarar til 11. gr. laga nr. 10/1928.

Um 36. gr.

Er í samræmi við 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, og 66. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 7/1930.

Um 37. gr.

Eftir 69. gr. laga nr. 10/1928 skyldi Landsbankinn endurkaupa viðskiptavíxla Íslandsbanka fyrir allt að $\frac{5}{8}$ af þeirri seðlafúlgu, er Íslandsbanki hefði á hverjum tíma dregið inn af seðlafúlgu sinni. Og í 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 7/1930 er vísað til þessarar reglu. Hér er farið fram á, að Útvegsbankinn njóti sömu kjara sem Íslandsbanki átti að njóta að þessu leyti, þannig að svo verði með farið sem mundi verið hafa, ef Útvegsbankinn hefði verið til 31. okt. 1922 og þá haft 8 millj. króna seðla í umferð. Yrði þá niðurstaðan slík sem hann hefði dregið inn 4 millj. kr., svo að endurkaupsskylda Landsbankans næmi nú allt að $\frac{5}{8}$ af 4 milljónum króna, eða allt að $2\frac{1}{2}$ milljón.

Um 38. gr.

Sjá 50. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 39. gr.

Með því að til þess er ætlað, að rikissjóður ábyrgist sparisjóðsinnlög í Útvegsbankann, þá virðist eðlilegt, að leggja megi inn í hann til ávöxtunar fé ólög-ráða manna og almenningsstofnana.

Um 40. gr.

Samsvarandi ákvæði eru í 52. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930. Það er í samræmi við hugsunina í þessu ákvæði, að útborgun innlaga úr bankanum verði ekki heldur heft með lögbanni.

Um 41. gr.

Samhljóða 53. gr. laga nr. 10/1928.

Um 42. gr.

Sbr. 54. gr. laga nr. 10/1928 og 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 43. gr.

Er að efni til að mestu samkvæm 55. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930. Reglan er líka látin ná til skipa og nánari fyrirmæli sett um sölu-undirbúning. Og þarf þá ekki að leita reglu um það atriði annarsstaðar.

Um 44. gr.

Samhljóða 56. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 45. gr.

Svarar til 57. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930.

Um 46. gr.

Svarar til 58. gr. laga nr. 10/1928, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1930. Um gjöld, sem hvíla á sérstökum eignum, sem ekki eru notaðar til starfsemi bankans, t. d. húseignum almennt, munu bankarnir hingað til hafa greitt opinber gjöld, að minnsta kosti Íslandsbanka. Og því er Útvegsbankinn ekki hér þeginn undan slíkum gjöldum.

Um VI. kafla.

Hér eru fyrirmælin um reikningsskil, endurskoðun, ráðstöfun ágóða og varasjóð.

Um 47. gr.

Samhljóða 26. og 27. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 48. gr.

Samhljóða að efni til 28. gr. samþykktar Útvegsbankans. Það þykir ekki hlýða að nefna launahæð endurskoðenda, fremur en launahæð fulltrúa, í lögum bankans. Er ætlað til, að hluthafafundur ákveði laun endurskoðenda og setji þeim þær reglur, er þörf þykir, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.

Um 49. gr.

Samhljóða að efni til 29. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 50. gr.

Samhljóða 30. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um 51. gr.

Samhljóða 31. gr. samþykktar Útvegsbankans.

Um VII. kafla.

Um 52. gr.

Sú aðferð, sem ákveðin er í 32. gr. samþykktar Útvegsbankans um breytingar á sömu samþykkt og einnig gildir um félagsslit samkvæmt 33. gr. samþykktarinnar, er hér ætlað til, að haldist óbreytt. Svo er og tekið í 2. málsg. þessarar greinar ákvæðið um ráðstöfun á félagseignum og skuldagreiðslum úr 2. málsg. 33. gr. oftnefndrar samþykktar.

Um 53. gr.

Frumvarp þetta veitir Útvegsbankanum, ef það verður að lögum, ýms mikilsverð réttindi, sem hann hefir nú ekki, og má því gera ráð fyrir því, að hluthafafundur muni fús til að ganga að ákvæðum þess, enda þótt með þeim séu lögð undir löggjafarvaldið ýms atriði, sem nú eru fyriræli um í samþykkt Útvegsbankans, er hluthafafundur hefir sett. Hluthafafundur mun þurfa að veita þetta samþykki sitt með þeim hætti, sem í 33. gr. samþykktar Útvegsbankans segir.